

ÁRSSKÝRSLA



SÍMEY 



Útgefandi:

SÍMEY – www.simey.is
Þórsstíg 4, 600 Akureyri

Ábyrgðarmaður:
Valgeir Magnússon

Umsjón:
Óskar Þór Halldórsson

Hönnun og umbrot:
Brand-IT, Akureyri

Myndir:
Kristín Björk Gunnarsdóttir,
Óskar Þór Halldórsson,
Sæplast o.fl.



Ávarp stjórnarformanns

Síðastliðið starfsár stjórnar SÍMEY var áfram nokkuð frábrugðið öðrum árum vegna áframhaldandi heimsfaraldurs. Fjarfundiformið hefur fest sig í sessi því framvegis verða ársfundir bæði á staðfundum og fjarfundum. Stjórnin fundar níu sinnum á ári og hefur ákveðið að hittast fjórum sinnum á staðnum á hverju starfsári en aðrir stjórnarfundir verða með fjarfundabúnaði. Ný stjórn var kjörin samkvæmt tilnefningum stofnaðila fyrir tímabilið 2021 til 2023. Sú breyting varð að Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari VMA víxlaði sæti við Eyjólf Guðmundsson rektor HA sem meðstjórnandi. Menntastofnanir deila einu sæti og skipta á tveggja ára fresti. Stjórnin skipti með sér verkum þannig að undirrituð, sem er fyrir opinber stéttarfélag, er formaður stjórnar, Axel Grettisson frá sveitarfélögum í Eyjafirði er ritari, Halla Margrét Tryggvadóttir frá Akureyrarbæ meðstjórnandi, Halldór Óli Kjartansson frá stéttarfélögum innan ASÍ meðstjórnandi, Ingimar Eydal frá opinberum stofnunum meðstjórnandi og Sverrir Gestsson frá almennum fyrirtækjum er varaformaður.

Á staðfundum í desember sl. ræddi stjórnin framsetningu og áskoranir í miðlun náms. Það nýjasta er LearnCove námsumhverfið sem kynnt var stjórn í september. Það gefur góða möguleika til vendikennslu, endurgjafar og uppbyggingar hæfniviðmiða.

Dá varð veflægur skóli SÍMEY, sem kallaður hefur verið SKÝMEY, sýnilegur á árinu 2021 en í honum felst aukin áhersla á vefnámskeið (tímalaus) með það að markmiði að hvetja markhópinn. Með þessum veflæga skóla geta nemendur kynnt sér það sem er í boði þegar hverjum og einum hentar. En jafnframt þarf að tryggja að nemendur hafi færni til að kynna sér framboð námsefnis og því er þáttur náms- og starfsráðgjafar afar mikilvægur fyrir markhópinn.

SÍMEY er ætlað stórt hlutverk til framtíðar því í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir: „Sí- og endurmenntun verður efling og löggjöf um framhaldsfræðslu endurskoðuð í breiðu samráði til að tryggja að framhaldsfræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði.“

Það verður að teljast jákvætt að ríkisstjórnin hefur með þessum orðum markað sér stefnu um eflingu framhaldsfræðslunnar. Oft hefur skort skilning stjórnvalda um gildi framhaldsfræðslunnar sem einnar af mikilvægum stöðum í íslensku menntakerfi. Hér eru orð til alls fyrst.

Það sem mun fyrst og fremst snúa að SÍMEY eru verkefni um þjálfun og kennsla vegna aukinnar tæknivæðingar. Við þurfum að vera í stöðugu samtali við atvinnulífið um breytingar starfa í framtíðinni og hvers konar menntunar og hæfni verður þörf á komandi árum. Við vitum að störf hafa verið að breytast og ný störf verða til, mörg þeirra krefjast ákveðinnar hæfni og menntunar. Símenntunarmiðstöðvar þurfa að upplýsa og fræða vegna innleiðingar á grænu hagkerfi, nýtingar afurða á heimaslóð, orkuskipta og hvað og hvernig kolefnisspor mælist og hvað það sýni. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur það hlutverk að innleiða og halda utan um vinnu símenntunarmiðstöðva um hæfnigreiningu starfa í atvinnulífinu. Þar hafa starfsmenn SÍMEY staðið vaktina fremstir meðal jafningja.

Í tengslum við breytingar á skipan ráðuneyta og í samstarfi við ráðuneyti félags- og vinnumarkaðar eru tækifæri til að efla framhaldsfræðslukerfið og nýta þá styrkleika sem eru til staðar til að mæta nýjum áskorunum. Til að slíkt kerfi geti þróast og aðlagast þarf stefnumörkun og að festa fjármögnun í sessi með langtímasamningum sem innifela líka almennar verðlags- og vísitölubreytingar.

Áfram varðar SÍMEY veginn með því annars vegar að framfylgja lögum um framhaldsfræðslu fullorðinna af kostgæfni og hins vegar að auka almenna lífsleikni fólks, innan og utan vinnumarkaðar. Sóknarfærin eru á sviði símenntunar og rafrænnar miðlunar náms. Dannig mun Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar standa undir nafni sem MIÐSTÖÐ mennta í sínu héraði.

Ég vil fyrir hönd stjórnarinnar þakka starfsfólki SÍMEY vel unnin verk sem og þeim stóra hópi sérfræðinga sem vinnur með SÍMEY við kennslu, þjálfun, raunfærnimat og þróunarvinnu margs konar.

Akureyri 7. mars 2022,

Arna Jakobína Björnsdóttir

1. Starfsemin á árinu

Inngangur

Árið 2021 var tuttugasta og annað starfsár Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) en í ársskýrslunni er gerð grein fyrir starfsemi miðstöðvarinnar á árinu, fræðsluframboði, samstarfsaðilum og öðrum helstu verkefnum.

Skýrslan er í fimm köflum. Hún hefst á umfjöllun um starfsemina á árinu. Gerð er grein fyrir hverjir sitja í stjórn og hverjir starfa hjá miðstöðinni, húsnæði og fjárhag SÍMEY. Á eftir fylgir kafli um helstu samstarfssamninga og verkefni. Í þriðja hluta skýrslunnar er greint frá tímabundnum verkefnum og þróunarstarfi og í fjórða kaflanum er fjallað um fræðlustarf ársins í máli og myndum. Í lok skýrslunnar er venju samkvæmt samantekt.

Dagleg starfsemi SÍMEY skiptist svo í grófum dráttum:

- Fræðslusvið
- Fyrirtækjasvið
- Ráðgjöf og raunfærnimat
- Þróunarsvið
- Stoðsvið

Eftirtalin verkefni eru innan þessara sviða:

- Dagleg umsjón með námskeiðum og þjónusta við námskeið sem eru í gangi.
- Kynningar á starfsemi og símenntunarframboði SÍMEY.
- Miðlun og umsjón með námi og námskeiðum annarra fræðsluaðila.
- Skipulagning, hönnun og þróun nýrra námskeiða.
- Samskipti og þjónusta við fræðsluaðila.
- Náms- og starfsráðgjöf fyrir viðskiptavinum, einstaklinga og fyrirtæki/félög/stofnanir.

- Þarfagreiningar innan fyrirtækja undir merkjum MARKVISS, Fræðlustjóri að láni, o.fl.
- Umsjón með fyrirtækjaskólum/eftirfylgni fræðsluáætlana.
- Raunfærnimat (gagnvart námi og einnig viðmiðum atvinnulífs).
- Hæfnigreiningar starfa.
- Umsjón með námskeiðahaldi Fjölmennar.
- Upplýsingamiðlun í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar og samfélagsmiðla á borð við Facebook.
- Innsláttur og úrvinnsla gagna í nemendabókhalda SÍMEY.
- Þróunarvinna/verkefni á borð við námskrárgerð og þróun verkfæra sem notuð eru í starfinu.
- Rekstur prófamiðstöðva.
- Ýmis sérverkefni.

Skipurit og stjórn SÍMEY

Í stjórn SÍMEY eru sjö fulltrúar sem eru tilnefndir af menntastofnunum, stéttarfélögum, atvinnurekendum, Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð. Stjórnarmenn SÍMEY sem kosnir voru til tveggja ára á ársfundi 28. apríl 2021 eru:

Aðalstjórn

Stjórnarformaður:

Arna Jakobína Björnsdóttir

Stjórnarmenn:

Eyjólfur Guðmundsson

Ingimar Eydal

Halldór Óli Kjartansson

Sverrir Gestsson

Axel Grettisson

Halla Margrét Tryggvadóttir

Fyrir hönd

Opinberra stéttarfélagi

Fræðslustofnana

Opinberra stofnana

Almennra stéttarfélagi

Almennra fyrirtækja

Sveitarfélagi við Eyjafjörð

Akureyrarbæjar

Varastjórn

Sigríður Huld Jónsdóttir

Hjördís Sigursteinsdóttir

Erla Björnsdóttir

Anna Júlíusdóttir

Anna María Kristinsdóttir

María Albína Tryggvadóttir

Hlynur Már Erlingsson

Fyrir hönd

Fræðslustofnana

Opinberra stéttarfélagi


Opinberra stofnana

Almennra stéttarfélagi

Almennra fyrirtækja

Sveitarfélagi við Eyjafjörð

Akureyrarbæjar



Starfsemi SÍMEY skiptist í eftirfarandi svið:

Afgreiðsla og bókhald:

Tekur á móti viðskiptavinum SÍMEY, sér um símsvörun, ber ábyrgð á eldhúsi og þrifum auk margþættrar þjónustu við starfsfólk og samstarfsaðila. Sér um reikningagerð og bókhald miðstöðvarinnar.

Hús- og tækniúmsjón:

Hefur úmsjón með rekstri húsnæðis og tæknimálum miðstöðvarinnar.

Verkefnastjórnun/ráðgjöf:

Verkefnastjórar og náms- og starfsráðgjafar miðstöðvarinnar hafa úmsjón með skipulagningu lengri og styttri námskeiða fyrir einstaklinga og atvinnulífið í samstarfi við fræðslusjóði, opinbera aðila, fyrirtæki, stofnanir og verkalýðsfélög. Ráðgjafar miðstöðvarinnar vinna að því að veita fólki á öllum aldri ráðgjöf og upplýsingar

til að auðvelda ákvarðanatöku vegna náms- og starfsvals. Einnig aðstoða ráðgjafar einstaklinga við að takast á við ýmis verkefni sem tengjast námi og starfsþróun. Ráðgjafar miðstöðvarinnar veita m.a. upplýsingar um nám og störf og aðstoða við að finna námsleiðir og starfsvettvang við hæfi.

Námsverið á Dalvík:

Er útstöð frá SÍMEY, rekin í samstarfi miðstöðvarinnar og Dalvíkurbyggðar. Þar starfar verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi við uppbyggingu námsversins, ráðgjöf og þjálfun, kynningu á náms- og starfsráðgjöf í fyrirtækjum, skipulagningu og úmsjón með námskeiðahaldi við utanverðan Eyjafjörð, vinnur með fyrirtækjum að aukinni menntun og fagþekkingu starfsmanna auk þess að koma að ýmiss konar teymis- og verkefnavinnu með öðrum starfsmönnum SÍMEY.



Starfsfólk SÍMEY í júní 2021. Frá vinstri: Helgi Þorbjörn Svavarsson, Helgi Kristinsson, Ingunn Helga Bjarnadóttir, Sif Jóhannesdóttir, Sóley Guðmundsdóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Sigrún Björnsdóttir, Valgeir B. Magnússon, Kristjana Friðriksdóttir og Sandra Sif Ragnarsdóttir.

Starfsmenn SÍMEY

Á árinu voru 11-12 starfsmenn í um 10 starfsgildum hjá SÍMEY. Þeir eru:

Helgi Kristinsson,
húsumsjónarmaður

Kristjana Friðriksdóttir,
þjónustufulltrúi

Helgi Þorbjörn Svavarsson,
verkefnastjóri og ráðgjafi

Sandra Sif Ragnarsdóttir,
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri

Ingunn Helga Bjarnadóttir,
verkefnastjóri og ráðgjafi

Sif Jóhannesdóttir,
verkefnastjóri og ráðgjafi

Kjartan Sigurðsson,
verkefnastjóri og ráðgjafi
(lét af störfum 1.08.2021)

Sigrún Björnsdóttir,
viðurkenndur bókarí

Kristín Björk Gunnarsdóttir,
verkefnastjóri og ráðgjafi

Sóley Guðmundsdóttir,
þjónustufulltrúi

Valgeir Magnússon,
framkvæmdastjóri

Auk fastra starfsmanna SÍMEY komu um 150 verktakar að starfsemi þess sem leiðbeinendur/kennarar, yfirsetufólk, liðveitendur og sérfræðingar. Þessi hópur er mjög fjölbreyttur og kemur úr bæði atvinnulífinu og skólakerfinu á svæðinu.

SÍMEY hefur innleitt aðferðafræði straumlínustjórnunar (LEAN Management) og taka fundir og skipulagning mið af þeirri aðferðafræði.

Í starfi SÍMEY er mikið lagt upp úr þekkingaröflun starfsmanna og er hvatt til þess að þeir sækji sér fræðslu og þjálfun sem nýtist í starfi og persónulega. Fræðslustyrkir eru í boði á vegum SÍMEY og einnig í gegnum starfsmenntasjóði starfsmanna. Starfsmenn eru hvattir til að nýta sér m.a. vefnámskeið SÍMEY. Einnig hafa þeir verið duglegir við að afla sér þekkingar á ýmsum öðrum sviðum og hvetur vinnustaðurinn til þess.



Húsnæði SÍMEY við Þórsstíg 4 á Akureyri.

Húsnæði og vinnuaðstaða

Á Akureyri fer starfsemi SÍMEY sem fyrr fram að Þórsstíg 4 þar sem eru átta skrifstofur, níu kennslustofur, afgreiðsla, fullbúið eldhús og kaffitorg þar sem nemendur setjast niður í matar- og kaffitímum og geta einnig unnið saman að verkefnum. Auk námskeiðshalds í Þórsstíg 4 eru námskeið í töluverðum mæli úti í atvinnulífinu, innan fyrirtækja og stofnana. Einnig er SÍMEY í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri um leigu á aðstöðu fyrir verklegar smíðjur, m.a. í málmsuðu og Fab Lab.

SÍMEY er í samstarfi við Dalvíkurbyggð um námsverið á Dalvík. Frá hausti 2017 hefur það verið til húsa í Víkurröst þar sem er kennslustofa og skrifstofa verkefnastjóra. Einnig hefur SÍMEY afnot af húsnæði Tónlistarskólans á Tröllaskaga og að sama skapi nýtir skólinn húsnæði námsversins. Í Fjallabyggð er SÍMEY í samstarfi við Menntaskólann á Tröllaskaga í Ólafsfirði um húsnæði og stéttarfélagið Einingu-löju á Siglufirði.



Námsver SÍMEY á Dalvík er í Víkurröst.

Fjárhagur

Rekstrartekjur SÍMEY á árinu 2021 voru 222 milljónir. Þar af voru tekjur vegna rekstrarsamninga 37,1 milljón, tekjur af námskeiðum námu 156,4 milljónum, 21,6 milljónir voru verkefnatekjur og aðrar tekjur voru 6,9 milljónir króna.

Rekstrargjöld voru 231,7 milljónir króna, fjármagnstekjur voru 0,3 milljónir og var rekstrarniðurstaða neikvæð um 9,4 milljónir króna.

Kóvidfaraldurinn

„Það er vont en það venst,“ söng dúettinn Súkkat um árið. Þessa ljóðlínu má yfirfæra á kórónuveirufaraldurinn, Covid 19, kóvid eða kófið sem áfram setti mark sitt á starfsemi SÍMEY á árinu 2021.

Núna síðla vetrar 2022, þegar ársskýrsla 2021 er tekin saman, eru um tvö ár liðin frá því heimsfaraldurinn hófst með öllum sínum afleiðingum. SÍMEY hefur ekki farið varhluta af þessu með tímabundnum lokunum, sóttvarnahólfum, ströngum sóttvarnaráðstöfunum, fjarlægðarmörkum, takmörkunum á hópastærð, persónubundnum sóttvörnum, grímuskyldu, einangrun, sóttkví og smitgát.

Á árinu 2020 þurfti því sem næst á einni nóttu að hugsa stóran hluta af starfsemi SÍMEY upp á nýtt með aukinni áherslu á fjarnám og veflæg námskeið. Á sömu nóttum hefur áfram verið unnið á árinu 2021. Hin neikvæða hlið kóvid hefur m.a. birst í minna

samstarfi við atvinnulífið, á ákveðnum sviðum, og dregið hefur úr staðbundnum námskeiðum. Og að einverju leyti hefur dregið úr þátttöku fólks af ótta við smit og nálægð við aðra. Hins vegar hefur faraldurinn og allt það sem honum hefur fylgt orðið til þess að smám saman hefur þróast notendavænna og betra námsumhverfi, sem verður að teljast jákvæð afleiðing þeirra þrenginga sem kóvid hefur skapað.

Á kóvidárinu 2021, eins og á fyrra ári, hafa starfsmenn og allir þeir sem hafa sótt þjónustu SÍMEY haft að leiðarljósi ómælda aðlögunarhæfni, þolgæði og þrautseigju í sínum daglegu störfum.

Það er vor í lofti, ekki bara veðurfarslega heldur einnig hvað heimsfaraldurinn snertir. Að því gefnu að ekki komi bakslag í faraldurinn erum við loksins að stíga inn í ljósið við endann á ganginum. Það birtir smám saman á ný.



Covid heimsfaraldurinn setti heldur betur mark sitt á starfsemi SÍMEY á árinu 2021 með sprittbrúsum, grímunotkun, sóttvarnahólfum, tímabundnum lokunum o.fl.

2. Samstarfssamningar og verkefni

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

SÍMEY er einn af samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og hefur það samstarf verið mikið á síðustu árum. FA er í eigu Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir fé til reksturs FA og til Fræðslusjóðs, sem ráðstafar fé til viðurkenndra fræðsluaðila til að mæta kostnaði við námskeiðahald (vottaðar námsleiðir), náms- og starfsráðgjöf og raunfærniat.

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er að vera samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna. Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar

eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Starfsemi FA byggir á samþykktum miðstöðvarinnar og þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.

Hlutverk SÍMEY í samstarfi við FA og með árlegri úthlutun er að bjóða upp á vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf og raunfærniat. Meginmarkmiðið er að veita fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. SÍMEY hefur einnig unnið að þróunarverkefnum með styrkjum úr Fræðslusjóði sem hafa þann tilgang að þróa verkfæri framhaldsfræðslunnar.

Náms- og starfsráðgjöf

Ráðgjafar skipuleggja námsleiðir og námskeið og hafa umsjón með stundaskrárgerð.

Náms- og starfsráðgjafar taka þátt í hugmyndavinnu og þróunarverkefnum, auk þess að taka þátt í hæfnigreiningu starfa.

Ráðgjafar nýta sér Markviss þarfagreiningu og bjóða upp á „Fræðslustjóra að láni“. Auk þess er boðið upp á hópráðgjöf sem hefur nýst fólki í atvinnuleit, við gerð ferilskráa



Nemendur og kennarar í náminu Íslensk menning og samfélag bregða á leik í desember 2021 með jólasveinunum í Dimmuborgum í Mývatnssveit.

og kynningarbréfa, við undirbúning fyrir atvinnuviðtöl, náms- og starfsþróun og sjálfskoðun. Einnig hefur hópum verið boðið að svara áhugasviðskönnunum og farið inn í námshópa með námstækni.

Þessi upptalning er ekki tæmandi, en þetta eru þeir verkþættir sem eru meira og minna þeir sömu á milli ára, þó að vægi þeirra sé mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni.

Í kjölfar covid faraldursins urðu að hluta til breytingar á ráðgjöf SÍMEY. Markvisst var unnið að því að fjölga valmöguleikum til að nálgast þjónustu miðstöðvarinnar, sett var upp svarbox á heimasíðu og einfalt kerfi þar sem hægt var að bóka tíma í ráðgjöf, annað hvort staðbundið eða í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams. Þetta gerði það að verkum að hægt var að bregðast fljótt við fyrirspurnum fólks. Með þessu varð aukin aðsókn í rafræna ráðgjöf og um leið var unnt að koma til móts við fjölbreyttar þarfir fólks.

Almennt má segja að þær breytingar sem urðu í kjölfar faraldursins hafi fest sig í sessi og gengið vel.

Raunfærnimat

Í raunfærnimati felst að fólk með mikla starfsreynslu getur fengið hæfni sína og þekkingu metna á móti námskrám í ákveðnum starfsgreinum. Þeir sem fara í raunfærnimat, í hvaða starfsgrein sem er, skulu að lágmarki vera 23 ára að aldri og hafa að baki að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu í viðkomandi starfsgrein.

Raunfærnimat er ferli þar sem metin er þekking og færni fólks í starfi, námi og félagsstörfum. Markmiðið er að geta sýnt fram á reynslu og hæfni viðkomandi í starfi með formlegum hætti, fá starfið metið til styttingar náms í framhaldinu og að leggja mat á hvernig hver einstaklingur getur styrkt sig í starfi/námi. Á árinu 2021 bauð SÍMEY upp á raunfærnimat félagsliða og stuðningsfulltrúa, í fisktækni, matartækni og ýmsum iðngreinum, m.a. húsasmíði, vélstjórn og framreiðslu. Einnig var

SÍMEY með raunfærnimat í skipstjórn. Auk þess fór hópur atvinnuleitenda í gegnum raunfærnimat í almennri starfshæfni þar sem megináherslan er á þá þætti sem skipta mestu máli í daglegu lífi fólks og þátttöku á vinnumarkaði.

Dá var í fyrsta skipti boðið upp á raunfærnimat fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja og luku því nítján starfsmenn íþróttamannvirkja í Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit og á Akureyri. Sjá nánar um þetta verkefni á bls. 16.

Á árinu tóku 45 manns þátt í raunfærnimati hjá SÍMEY í ýmsum starfsgreinum með glæsilegum árangri og fékk hver einstaklingur að meðaltali 40 framhaldsskólaeiningar metnar. Heildarfjöldi staðinna eininga var um 1.500.

Að raunfærnimati vinnur SÍMEY í góðu samstarfi við m.a. Fisktækniskóla Íslands, IÐUNA fræðslusetur, Verkmenntaskólann á Akureyri, Akureyrarbæ, Eyjafjarðarsveit, Dalvíkurbyggð, Kjöl-stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu og Einingu-löju.

Samstarf við atvinnulífið

Árið 2021 var SÍMEY í góðu samstarfi við atvinnulífið í Eyjafirði, þrátt fyrir að heimsfaraldurinn hafi sett strik í reikninginn. Brugðist var við breyttum aðstæðum með því að bjóða upp á flest námskeið sem veflæga fræðslu. Jafnframt hefur starfsfólk SÍMEY unnið að þróun rafrænna fyrirtækjaskóla með tveimur samstarfsaðilum. SÍMEY hélt áfram góðu samstarfi og vann að skipulagningu fræðslu fyrir grunnskóla Akureyrarbæjar, velferðarsvið Akureyrarbæjar, Amtsbókasafnið, Sæplast, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og ýmsa ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

Alls voru haldin 70 námskeið á árinu undir merkjum fyrirtækjaskóla eða í beinu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Þátttakendur á þeim voru alls 1561.

Samstarf við stéttarfélög um veflæg námskeið

Á árinu 2021 hélt SÍMEY fjölmörg vefnámskeið í góðu samstarfi við Farskóla Norðurlands vestra. Alls voru haldin 18 veflæg námskeið á árinu, öll í gegnum forritið Zoom. Efnistökin voru fjölbreytt en námskeiðin fjölluðu um allt frá „Fjölæringum í blómabeðin“ yfir í „360 gráðu heilsu“.

Afar góð þátttaka var á námskeiðunum sem að stórum hluta má þakka góðu samstarfi sem SÍMEY átti við stéttarfélögin Einingu-löju, Kjöl og Sameyki og þá starfsmenntasjóði sem standa þeim að baki. Samstarfið gerði það að verkum að félagsmenn stéttarfélaganna sóttu námskeiðin sér að kostnaðarlausu. Ljóst er að þetta form námskeiða og samstarf okkar við Farskólann og stéttarfélögin er komið til að vera og er það vel.

Endurnýjuð þriggja ára gæðavottun EQM+

Í ársbyrjun 2022 fékk Símenntunarmistöð Eyjafjarðar endurnýjaða gæðavottun til þriggja ára samkvæmt EQM+ (European Quality Mark) – Evrópska gæðamerkinu.

Þriggja ára gæðavottun sem SÍMEY fékk árið 2018 rann út í lok árs 2021. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vottunaraðili EQM á Íslandi. Evrópska gæðavottunin nær til fræðsluaðila utan formlega skólakerfisins og tekur til hönnunar og framkvæmdar náms, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar fyrir fullorðna. Staðfesting á EQM+ er ein af forsendum þess að SÍMEY sé viðurkennd sem vottaður fræðsluaðili og eigi aðild að Fræðslusjóði.

Við endurnýjun gæðavottunar var farið ítarlega í saumana á öllum þáttum í starfsemi SÍMEY. Rík áhersla er lögð á gæðamál í starfsemi miðstöðvarinnar enda eru þau mikilvæg í þeirri hröðu þróun og breytingum sem hafa orðið í allri fræðslu og framsetningu námsefnis á undanföllum árum. Ekki síst hefur verið horft til gæðamála eftir að kóvidfaraldurinn hófst, sem kallaði á nýja hugsun og nálgun í námskeiðahaldi og kennslu.

Matsaðili í þessu ferli var fyrirtækið StarfsGæði ehf. sem fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins tekur út allar símenntunarmiðstöðvar landsins vegna endurnýjunar gæðavottunar. Þessi vinna hófst í ágúst 2021 og henni lauk með formlegri staðfestingu á endurnýjun gæðavottunar 12. janúar 2022.



Fjölmörg íslenskunámskeið (Íslenska sem annað mál) eru haldin á ári hverju. Hér er einn af íslenskuhópunum með viðurkenningarskjöl sín í desember 2021.

Íslenska sem annað mál

SÍMEY heldur utan um og skipuleggur íslensku sem annað mál fyrir erlenda ríkisborgara á Eyjafjarðarsvæðinu. Mikil eftirspurn og þátttaka var á íslenskunámskeiðum á árinu á Akureyri en minni en stundum hefur verið á Dalvík og í Fjallabyggð. Haldin voru 17 námskeið á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð á árinu, þar af 11 á vorönn og 6 á haustönn. Boðið var upp á námskeið á fimm ólíkum getustigum báðar annirnar. Einnig voru sérstök skriftar- og lestrarnámskeið, ætluð fólki sem kemur úr öðru málumhverfi en okkar.

Á árinu lauk 341 nemendi íslenskunámi í gegnum hefðbundin íslenskunámskeið og vottaðar námsleiðir.

Námskeiðið „Íslensk menning og samfélag“ var kennt bæði á vor- og haustönn. Það er vottuð námsleið en um þriðjungur námskeiðsins er íslenskukennsla. Kennslutungumálið var enska og er það hluti af viðleitni SÍMEY að bjóða þeim sem ekki hafa náð tökum á íslenskunni upp á aðra valkosti.



Á vorönn 2021 bauð SÍMEY í fyrsta skipti upp á námið „Íslensk menning og samfélag“, sem er vottuð námsleið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fyrir fólk af erlendum uppruna. Náminu lauk með skoðunar- og skemmtiferð í Mývatnssveit og til Húsavíkur. Hér er einn þátttakendanna í náminu, Grazyna Siedlecka, að taka lagið í Grjótagjá í Mývatnssveit.

Íslenskuþjálfarinn í samstarfi við Ásgarð

Auk hefðbundinna námskeiða í íslensku sem annað mál býður SÍMEY í samstarfi við þjónustu- og ráðgjafarfyrtækið Ásgarð upp á „Íslenskuþjálfarann“ - veflæg íslenskunámskeið fyrir fólk sem hefur íslensku ekki að móðurmáli en vill auka færni sína í töluðu máli.

Námið fer allt fram á fjarfundum sem þýðir að það er óháð staðsetningu, þátttakendur geta verið á heimilum sínum eða annars staðar þar sem þeir hafa aðgang að tölvu og góðri nettengingu.

Þessi veflægu námskeið byggja á vottaðri námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins „Skref til sjálfshjálpar“. Lögð er áhersla á að auka orðaforða og tjáningu þátttakenda í íslensku.

Íslenskuþjálfarinn er fjörutíu klukkustunda námskeið, hugsað fyrir litla hópa og sett upp samkvæmt þörfum hvers og eins þátttakanda og hópsins í heild. Boðið er upp á þrjú getustig - A1, A2 og B1- sem taka mið af hæfniviðmiðum Evrópska tungumálarammans og er leitast við að raða hópunum þannig upp að innan hvers hóps séu nemendur með svipaða hæfni í tungumálinu.

Á árinu 2021 var boðið upp á 13 slík námskeið, 8 á vorönn og 5 á haustönn með alls 84 þátttakendum.

Fjölmennt

Vorið 2021 bar enn merki Covid-19 faraldursins. Skráningar á námskeið voru tregari til að byrja með en komust þó á skrið þegar sóttvarnareglur voru skerptar og kynntar með skýrari hætti. Á vorönn tókst að halda flestum námskeiðunum gangandi án skerðinga nema sundnámskeiðum, sem þurfti að fresta um tíma vegna sóttvarnareglna.

Á haustönn fóru hlutir að falla í réttar skorður. Til að byrja með var þó tregða í

skráningum og námskeiðin hófust seinna en venjulega. En þegar upp var staðið komst starfsemin í fyrra horf og það tókst að halda öllum námskeiðunum gangandi án skerðinga.

Fyrir utan þessi hefðbundnu Fjölmennarnámskeið hafa nemendur úr markhóp Fjölmennar stundað nám í einstökum vottuðum námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Prófamiðstöð

SÍMEY er með prófþjónustu fyrir nemendur á framhalds- og háskólastigi. Þetta eru nemendur framhaldsskóla víða um land, Háskólans á Bifröst, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Endurmenntunar HÍ, Háskólans í Reykjavík og Keilis – miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs.

Í samstarfi við Mími símenntun býður SÍMEY upp á próf tvisvar á ári, að vori og hausti, fyrir fólk sem vill sækja um íslenskan ríkisborgararétt. Einnig hýsir SÍMEY ýmis önnur sérhæfð próf fyrir hinar ýmsu stofnanir, t.d. Umhverfisstofnun, Samgöngustofu, Fiskistofu og Neytendastofu.

Góð aðstaða er hjá SÍMEY til próftöku, hentug rými og vel búið tölvuver. Í námsveri SÍMEY á Dalvík er einnig þjónusta við próftaka.

Að jafnaði taka um þrjú hundruð manns próf hjá SÍMEY á ári.

Starfsemin við utanverðan Eyjafjörð

Námsver SÍMEY á Dalvík er til húsa í Víkurröst og sér Dalvíkurbyggð miðstöðinni fyrir aðstöðu samkvæmt samningi þar um. Í Víkurröst starfa líka Tónlistarskólinn á Tröllaskaga og Týr, félagsmiðstöð sveitarfélagsins og talsverð samnýting er á kennslurýmum, tækjabúnaði og annarri aðstöðu, sem er vel.

Nokkur breyting hefur orðið á viðveru starfsmanns SÍMEY í námsverinu á Dalvík, í stað þess að sami starfsmaður sé vikulega í námsverinu skiptast starfsmenn SÍMEY á að vera þar einu sinni í viku. Þannig er hægt að bjóða upp á fjölbreyttari þjónustu.

Þegar staðan í covid faraldrinum var sem verst hafði starfsmaður ekki viðveru í námsverinu. Vegna samnýtingar húsnæðisins með Tónlistarskólanum á Tröllaskaga þótti rétt að hafa þann háttinn á til að draga úr smithættu. Þetta kom lítið sem ekkert að sök því starfsemin var öll í lágmarki á þeim tíma.

Í Fjallabyggð hafa námskeið verið haldin í húsnæði Einingar-löju á Siglufirði og Menntaskólanum á Tröllaskaga í Ólafsfirði. Starfsemi SÍMEY í Fjallabyggð, viðvera og heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir stýrist af verkefnum hverju sinni.

Á árinu 2021 voru haldin þrjú „Íslenska sem annað mál“ námskeið, öll á vorönn. Á Dalvík var eitt byrjendanámskeið og námskeið fyrir lengra komna voru haldin á Dalvík og Siglufirði. Á haustönn skráðu sig ekki nógu margir til að hægt væri að halda fyrirhuguð námskeið.

Haldið var áfram með námsleiðina „Sterkari starfsmaður“ fyrir hluta starfsmanna Dalvíkurbyggðar. Teygst hefur nokkuð á henni vegna tíðra frestana námskeiða til að bregðast við covid smitum og samkomutakmörkunum. Upphaflega átti námsleiðinni að ljúka á vorönn 2021 en reikna má með að lokin frestist um ár.

Nokkur próf voru tekin í námsverinu á Dalvík, þó færri en venjulega af þeirri ástæðu að flestir skólar buðu upp á heimapróf.

Ríkismennt - átak til náms- og starfsþróunar

Gerður hefur verið samningur milli Ríkismennar – þróunar og

símenntunarsjóðs og símenntunarmiðstöðva um land allt um átak í framboði á náms- og starfsráðgjöf fyrir ríkisstofnanir á landsbyggðinni. Samningurinn er afsprengi bókonar í kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsgreinasambands Íslands (SGS) frá 1. apríl 2019.

Samkvæmt bókuninni eru samningsaðilar sammála um að hrinda þurfi af stað átaki til hvatningar til náms og starfsþróunar hjá félagsmönnum SGS sem starfa á stofnunum ríkisins.

Ríkismennt - þróunar og símenntunarsjóði var falið að sjá um framkvæmd og fjármögnun verkefnisins sem er formlega farið af stað með gerðum samningum við símenntunarmiðstöðvarnar.

Á starfssvæði SÍMEY má reikna með að 100-200 starfsmenn falli undir þetta verkefni, stærstur hluti þeirra er innan heilbrigðiskerfisins. Átakið hófst á síðari hluta árs 2021 hjá SÍMEY og starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á Siglufirði.

3. Tímabundin verkefni og þróunarstarf

Nám er tækifæri – samstarf við Vinnumálastofnun

Kórónuveirufaraldurinn hafði í för með sér stóraukið atvinnuleysi. Ekki síst fjölgaði ófaglærðum umtalsvert á atvinnuleysissskrá og það sama má segja um fólk sem hefur ekki íslensku að móðurmáli en hefur verið hér á vinnumarkaði um lengri eða skemmri tíma.

Eitt af úrræðum stjórnvalda fyrir fólk í atvinnuleit var tveggja ára námsáttak, „Nám er tækifæri“, sem er á forræði Vinnumálastofnunar. Verkefnið hófst á árinu 2021 og stendur út árið 2022. Símenntunarmiðstöðvar um allt land, þar á meðal SÍMEY, vinna að þessu verkefni í samstarfi við Vinnumálastofnun. Þetta úrræði er ætlað atvinnuleitendum sem

hafa verið samfelld sex mánuði eða lengur á atvinnuleysissskrá. Þátttakendum gefst kostur á að vera í fullu námi í eina önn á atvinnuleysisbótum.

Á árinu 2021 bauð SÍMEY upp á sex námsleiðir í þessu vinnumarkaðsátaki. Þar af má nefna þrjár vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins; „Íslenskt mál og samfélag“, „Stökkpall“ og „Sterkari starfsmann“. Samtals nýttu sér um sextíu manns úrræði SÍMEY í tengslum við þetta vinnumarkaðsáttak stjórnvalda og Vinnumálastofnunar.

Námsleiðin „Íslensk menning og samfélag“ er hugsuð fyrir fólk af erlendum uppruna til þess að auðvelda því að laga sig að íslensku samfélagi og vinnumarkaði. Lögð er áhersla á íslenskukennslu, að fræða þátttakendur um íslenska menningu, samfélagið og vinnumarkaðinn auk þess sem undirstrikað er mikilvægi þess að byggja upp sjálfstraust og samskiptafærni.

„Stökkpallur“ er 180 klukkustunda nám fyrir ungt fólk sem hefur horfið frá námi og/eða er án atvinnu. Í náminu er farið í markmiðasetningu, þjálfun í samskiptum og tjáningu, sjálfskoðun og sjálfsefningu, upplýsingaöflun, fjármálalæsi og almennt að efla sjálfstraust fólks. Einnig er í náminu fjallað um heilsu og lífsstíl, kynning er á vinnumarkaðnum og möguleikum til náms og farið í uppsetningu ferilskrár og kynningarbréfs þar sem áherslan er m.a. á sjálfsmat og markmiðasetningu.

„Sterkari starfsmaður“ er hundrað klukkustunda blanda af stað- og fjarnámi, upplýsingatækninám auk samskiptaþjálfunar og sjálfuppbyggingar. Í gegnum tíðina hefur SÍMEY boðið upp á þessa námsbraut enda hefur reynsla af henni verið mjög góð. Í upplýsingatækninni, sem er um helmingur námsins, er farið í marga hagnýta þætti tölvunotkunar. SÍMEY hefur verið í samstarfi við Vinnumálastofnun um svokallaðar starfsleitarstofur þar sem náms- og starfsráðgjafi fer yfir helstu þætti virkrar og markvissrar atvinnuleitar. Rýnt er í færni og persónulega styrkleika hvers og eins og þátttakendur setja sér markmið um hvert

þeir vija stefna. Að lokum taka þeir saman ferilskrár og skrifa kynningarbréf fyrir atvinnuleit.

Á árinu 2021 tóku fimmtán manns þátt í raunfærnimati í almennri starfshæfni. Í því verkefni eru greindir og staðfestir þeir þættir sem skipta mestu máli er varða árangur á vinnumarkaði; aðlögunarhæfni, samskipti, fjölmenningarhæfni, skipulagshæfni o.fl. Tekin voru um 150 viðtöl við atvinnuleitendur með tilvísunum frá Vinnumálastofnun.

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 jókst atvinnuleysi verulega og það sama var upp á teningnum á árinu 2020 og 2021 sem afleiðing af covid faraldrinum. Hjá

símenntunarmiðstöðvunum hefur byggst upp mikil þekking og reynsla í að miðla fjölþættri fræðslu til atvinnuleitenda. Atvinnuátaksverkefnið „Nám er tækifæri“ hefur í öllum meginatriðum gengið vel hjá SÍMEY og samstarf við Vinnumálastofnun verið til fyrirmyndar.

Í ástandi eins og skapaðist í heimsfaraldrinum þegar mörg þúsund manns misstu atvinnuna á einni nóttu er aldrei mikilvægara að allir stilli saman strengi. Það hefur í meginatriðum gengið vel. Nú, þegar komið er fram á árið 2022, er faraldurinn vonandi að fjara smám saman út. Atvinnulífið er að styrkjast og störfum fjölgar. Tekið er að birta á ný.

Raunfærnimat fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja

Nítján starfsmenn íþróttamannvirkja á Akureyri, í Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og Eyjafjarðarsveit tóku í október og nóvember 2021 þátt í raunfærnimati, þar af sjö frá Akureyri (fjórir sundlaugarverðir og þrír starfsmenn íþróttahúsa), þrír starfsmenn íþróttamannvirkja í Dalvíkurbyggð, fimm í Fjallabyggð – bæði á Siglufirði og Ólafsfirði – og fjórir starfsmenn íþróttamannvirkja í Eyjafjarðarsveit. Matsaðilar voru Svanfríður Jónasdóttir, kennari á Dalvík og fyrrv. starfsmaður SÍMEY, Gísli Rúnar Gylfason, íþrotta- og æskulýðsfulltrúi Dalvíkurbyggðar, og Erna Lind Rögnvaldardóttir, forstöðumaður íþróttamiðstöðvar Eyjafjarðarsveitar á Hrafnagili.

Árið 2011 vann Starfsmennt fræðslusetur í samstarfi við stéttarfélagið Kjöl og Akureyrarbæ námskrána Þrótt fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja. Í henni var fjallað um samskipti og sjálfstyrkingu starfsmanna íþróttamannvirkja, samskipti við skóla, starfsumhverfi, tölvunotkun, sjálfsvörn, hreinsitækni o.fl. Árið 2018 fékk SÍMEY styrk úr Fræðslusjóði til þess að hæfnigreina störf í íþróttahúsum og sundlaugum og var myndaður starfshópur fulltrúa Akureyrarbæjar, íþróttamannvirkja á Eyjafjarðarsvæðinu og Kjalar stéttarfélags. Í framhaldinu vann SÍMEY í samráði við Starfsmennt að endurskoðun námskrárinnar Þróttar frá 2011 og til urðu nýjar námskrár, annars vegar fyrir starfsfólk íþróttahúsa og hins vegar sundlaugarverði. Menntamálastofnun staðfesti námskrárnar í apríl 2021 og þær voru síðan gerðar aðgengilegar á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Allar símenntunarmiðstöðvar landsins geta nú boðið upp á nám sem byggir á þessum vottuðu námskrám.

Eins og áður segir tóku sl. haust nítján starfsmenn íþróttamannvirkja af Eyjafjarðarsvæðinu þátt í raunfærnimati sem starfsfólk SÍMEY útbjó í samráði við fagaðila. Starfsfólkið fékk hæfni sína og þekkingu í starfi metna upp í nýju námskrárnar. Í framhaldi af raunfærnimatinu er stefnt að formlegu námi á grunni hinna nýju námskráa, annars vegar fyrir starfsmenn íþróttahúsa og hins vegar sundlaugarverði.



Nítján starfsmenn íþróttamannvirkja á Akureyri, í Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og Eyjafjarðarsveit luku raunfærnimati í október og nóvember 2021. Hér eru þátttakendur með viðurkenningarskjöl sín og með þeim eru Ingunn Helga Bjarnadóttir og Sandra Sif Ragnarsdóttir frá SÍMEY, Gísli Rúnar Gylfason æskulýðs- og íþróttafulltrúi Dalvíkurbyggðar, Erna Lind Rögnvaldsdóttir forstöðumaður íþróttamiðstöðvar Eyjafjarðarsveitar, Elín H. Gísladóttir forstöðumaður Sundlaugar Akureyrar og Ellert Örn Erlingsson forstöðumaður íþróttamála hjá Akureyrarbæ.

Fyrirtækjaping á Akureyri

Dann 14. janúar 2021 stóðu Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra - SSNE og Akureyrarstofa fyrir veflægu Fyrirtækjapingi Akureyrarbæjar. Frá nóvember 2020 kom SÍMEY að undirbúningi þingsins með SSNE og Akureyrarstofu og einnig vann SÍMEY að framkvæmd þess.

Markmiðið með þinginu, sem var haldið í gegnum Zoom fjarfundakerfið, var að leggja grunn að samkeppnisgreiningu fyrir Akureyrarbæ, að draga fram helstu kosti og galla við að reka fyrirtæki á Akureyri og greina framtíðartækifæri.

Þingið sóttu 34 fulltrúar ólíkra fyrirtækja og stofnana á Akureyri. Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, flutti opunarávarp en fundarstjóri var Sif Jóhannesdóttir, ráðgjafi SÍMEY.

Í byrjun fyrirtækjapingsins voru allir þátttakendur saman í málstofu en þeim var síðan skipt í fimm hópa; fulltrúar fyrirtækja með útibú á Akureyri voru saman í hópi, í öðrum voru fulltrúar stórra fyrirtækja, í þriðja hópnum fulltrúar millistórra fyrirtækja, fulltrúar lítilla fyrirtækja í þeim fjórða og einyrkjar í fimmta hópnum.

Í rýnihópnum voru settar fram ýmsar spurningar til þátttakenda til þess að fá fram viðhorf þeirra frá ýmsum sjónarhornum til fyrirtækjareksturs í bænum. Notast var við forritið Mentimeter.

Þingið var fyrst og fremst hugsað til að kalla eftir sjónarmiðum þátttakenda en ekki til að ná fram heildarniðurstöðu í einstaka málum.

Í kjölfar fyrirtækjapingsins drógu ráðgjafar SÍMEY saman upplýsingar og ólík viðhorf þátttakenda í ítarlegri greinargerð sem nýtist við mótun nýrrar atvinnustefnu og til aukinnar markaðssóknar Akureyrarbæjar.

HSN-fræðslugreining og fræðsluáætlun

Undanfarin ár hafa þarfagreiningar innan fyrirtækja og stofnana undir merkjum MARKVISS hugmyndafræðinnar nýst vel til að aðstoða við gerð fræðsluáætlana og uppbyggingu starfsþróunar starfsmanna í fyrirtækjum og stofnunum.

Í lok árs 2020 hófst nýtt þarfagreiningarverkefni fyrir Heilbrigðisstofnun Norðurlands – HSN. Greiningin var unnin í góðu samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga og Farskólann á Norðurlandi vestra. Starfsmenntasjóðirnir Ríkismennt, Starfsþróunarsjóður SLFÍ, Starfsþróunarsjóður bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu og Starfsþróunarsjóður BHM styrktu verkefnið. Stofnaður var 14 manna stýrihópur starfsmanna hjá HSN sem vann með verkefnastjórum símenntunarmiðstöðvanna að verkefninu. Allir fundir í verkefninu voru haldnir rafrænt þar sem starfsstöðvar HSN og fulltrúar í stýrihópnum voru dreifðir um allt Norðurland. Sendar voru til starfsmanna HSN tvær greiningar: Viðhorfskönnunin „Ég og starfið mitt“ og svokölluð starfagreining. Jafnframt voru haldnir tveir rýnihópafundir, annars vegar með starfsfólki í eldhúsi og hins vegar með starfsfólki í aðhlyningu. Niðurstöður greininganna og ábendingar rýnihóps voru teknar saman, greindar með stýrihópnum og nýttar til að setja upp fræðsluáætlun fyrir starfsfólk og starfshópa. Verkefninu lauk á haustmánuðum 2021 og var afrakstur þess ný fræðsluáætlun fyrir stofnunina sem mun nýtast til næstu þriggja ára.

Veflægt hæfnimat í íslensku

Á árinu 2021 lauk SÍMEY þróunarverkefni um veflægt hæfnimat í íslensku sem öðru máli. SÍMEY hlaut vorið 2020 styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar til þess að vinna hæfnimatið og er það aðgengilegt

á vefnum fyrir allar fræðslumiðstöðvar. Að hæfnimatinu unnu fyrir hönd SÍMEY verkefnastjórnarnir Kristín Björk Gunnarsdóttir og Sif Jóhannesdóttir. Veflægt hæfnimat nýtist nemendum í íslensku sem annað mál, það veitir svör um kunnáttu þeirra og færni í tungumálinu og hvaða námskeið hentar þeim. Jafnframt auðveldar hæfnimatið viðkomandi fræðsluáðila að setja upp námshópa þar sem þátttakendur hafa svipaða kunnáttu í tungumálinu, sem gerir það að verkum að kennslan verður markvissari og betri. Hæfnimatið tekur til hlustunar, málfræði, lesskilnings og samskipta. Hæfnimatið var unnið í samstarfi við Studieskolen í Kaupmannahöfn, sem er veflægur tungumálaskóli þar sem fólk getur lært fjölda tungumála, þar á meðal íslensku. Nemendur skólans hafa aðgang að hæfniprófi, „sprogtest“, þar sem fólk getur kannað dönskukunnáttu sína á vefnum og valið sér námskeið við hæfi. Þetta hæfnipróf Studieskolen, sem er tengt við Evrópska tungumálarammann, var þýtt og staðfært á íslensku af Finni Friðrikssyni, dósent við Háskólann á Akureyri.

Sæplastskólinn opnaður vorið 2021

Á vordögum 2021 var veflægur fræðsluskóli Sæplasts á Dalvík – Sæplastskólinn – opnaður. Starfsmenn Sæplasts á Dalvík hafa aðgang að skólanum og geta þar nálgast fjölbreytt fræðsluefni sem nýtist þeim vel. Sæplastskólinn er afrakstur þróunarverkefnis sem var styrkt af Landsmennt. Starfsmenn SÍMEY önnuðust verkefnastjórn og unnu námsefni fyrir skólann með Sæplasti. Á árinu 2019 vann SÍMEY fræðslugreiningu fyrir Sæplast. Í kjölfarið var sett upp fræðsluáætlun fyrir fyrirtækið á síðari hluta árs 2019 en vegna kórónuveirufaraldursins tók hún breytingum og úr varð að búa til veflægan fræðsluskóla. Ákveðið var að nýta kerfislausnina Teachable frá Tækninámi, sem býður upp á uppsetningu skóla á netinu.



Horft yfir athafnasvæði Sæplasts á Dalvík. Sæplastskólinn, veflægur fræðsluskóli fyrirtækisins, var opnaður á árinu 2021. Þar geta starfsmenn Sæplasts nálgast fjölbreytt fræðsluefni.

Á árinu 2020 hófst vinna við verkefnið, stofnaður var stýrihópur hjá Sæplasti sem lagði línur um hvaða fræðsluefni skyldi verða í skólanum og framsetningu þess. Nokkrir úr starfshópnum sóttu námskeið hjá Tækninámi um notkun og stýringu Teachable kerfisins. Síðla árs 2020 og á fyrri hluta árs 2021 var unnið að því að setja inn fræðsluefni og sem fyrr segir var Sæplastskólinn opnaður á vordögum 2021. Í Sæplastskólanum er mikið af fræðsluefni sem Sæplast átti og hefur uppfært. Einnig var unnið nýtt fræðsluefni fyrir skólann þar sem m.a. eru hagnýtar upplýsingar til nýliða um framleiðsluferlið og annað sem þeir þurfa að kunna skil á þegar þeir hefja störf hjá fyrirtækinu. Í Sæplastskólanum hafa starfsmenn fyrirtækisins m.a. aðgang að námskeiðum, t.d. skrifstofu- og tölvunámskeiðum frá Tækninámi, sem þeir geta farið í gegnum þegar þeim hentar. Frá stéttarfélaginu Einingu-löju eru í Sæplastskólanum upplýsingar á íslensku og ensku um þjónustu félagsins, réttindi og skyldur, launaseðla o.fl. Áfram er bætt við efni inn á vefsvæði Sæplastskólans og smám saman verður til umfangsmikill gagnabanki sem allir starfsmenn Sæplasts hafa aðgang að.



SKÝMEY – veflægt námsumhverfi SÍMEY

SKÝMEY er veflægt námsumhverfi á vegum SÍMEY sem styrkt var af Landsmennt, Ríkismennt, Sveitamennt, Sjómennt og Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks. Verkefnið fól í sér þróun og uppsetningu á veflægu námsumhverfi sem SÍMEY á og rekur.

Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að bjóða markhópi framhaldsfræðslunnar upp á fleiri og fjölbreyttari leiðir til að sækja sér fræðslu og þekkingu og auka þannig hæfni sína á vinnumarkaði.

Á árinu 2021 var haldið áfram með verkefnið þar sem frá var horfið 2020. SKÝMEY er nú opið almenningi og eru öll námskeiðin ókeypis.

Á vef SKÝMEY eru nú námskeið Tæknináms.is, sjálfstyrkingarnámskeið, námskeið í námstækni og námskeið sem nýtast vel atvinnuleitendum við atvinnuleit.

Vefskóli SKÝMEY mun á komandi misserum og árum halda áfram að vaxa og dafna með auknu framboði námskeiða.

LearnCove kennslukerfið og vendikennsla


Á haustönn 2021 tók SÍMEY í notkun nýtt íslenskt kennslukerfi í þremur námsleiðum - Menntastoðum, Félagsliðabréu og Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréu - og breytti námsfyrirkomulaginu á þann veg að aukin áhersla er á svokallaða vendikennslu. Þetta nýja kennslukerfi kallast á ensku LearnCove - www.learncove.io

Í vendikennslu felst m.a. aukinn sveigjanleiki námsins. Nemendur á framangreindum þremur námsleiðum hafa sitt vefsvæði í LearnCove kerfinu og þar hafa þeir aðgang að fyrirlestrum og verkefnum sem kennarar leggja fyrir nemendur. Þetta þýðir með öðrum orðum að nemendur geta horft á fyrirlestra kennaranna og unnið verkefni á þeim tíma sem þeim hentar.

Í stað þess að sækja fyrirlestra í skólastofu geta nemendur horft og hlýtt á fyrirlestrana í tölvunni heima hjá sér. En eftir sem áður eiga þeir þess kost að hitta kennarana í SÍMEY til þess að fá svarað spurningum sem upp koma og/eða njóta aðstoðar þeirra við úrlausn verkefna. Þetta felur í raun í sér að ekki er horft til kennslustofunnar sem fyrirlestrasalar heldur sem vinnuástöðu nemenda ef þeir kjósa að koma og sækja upplýsingar og aðstoð hjá kennara eða bera saman bækur sínar við samnemendur.

LearnCove vefumhverfið er notendavænt og aðgengilegt fyrir nemendur og býður upp á nýjar leiðir í námsmati sem felst í því að inn í það eru sett hæfniviðmið fyrir hvern áfanga sem auðveldar kennurum að gefa nemendum einkunn fyrir vinnu sína í áfanganum.

Fræðsla í formi og lit.



Í júní 2021 sýndu fimm brautskráningarnemar í „Fræðsla í formi og lit“ verk sín á sýningu í húsnæði SÍMEY við Þórsstíg: Eva Dögg Einarsdóttir, Hildur Elín Sigurðardóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Ekaterina Shvetsova og Jóhannes Axelsson. Hér gefur að líta sýnishorn af verkum þeirra.



Á haustönn 2021 var SÍMEY með nám í íslensku og samfélagsfræðslu fyrir innflytjendur, kvótaflóttamenn og hælisleitendur. Myndin var tekin 17. desember þegar kampakátir þátttakendur í náminu og aðalkennari þeirra, Ahmed Essabiani, fögnuðu því að fyrsti áfangi námsins var að baki.

Íslenskukennsla og samfélagsfræðsla á arabísku

Grunnfærni í íslensku og þekking á íslensku samfélagi er innflytjendum afar mikilvæg. Kennsla á námskeiðum í íslensku sem annað mál fer að stærstum hluta fram á íslensku en einnig er gripið til enskunnar ef á þarf að halda. Í námi sem SÍMEY bauð í fyrsta skipti upp á á haustönn 2021 fyrir kvótaflóttamenn, hælisleitendur og innflytjendur var kennt á arabísku. Aðalkennari var Ahmed Essabiani sem er frá Marokkó en hefur búið hér á landi í meira en tvo áratugi. Ahmed þekkir vel til málefna kvótaflóttafólks og hælisleitenda hér á landi því hann hefur komið að móttöku þeirra til Akureyrar, Ísafjarðar, Blönduóss, Hvammstanga og Fjarðabyggðar.

Dó svo að nemendur hafi komið frá mörgum ólíkum löndum áttu þeir það sammerkt að skilja arabísku. Í ljósi þess að enskukunnáttu þeirra er ábótavant var mikilvægt að geta kennt á tungumáli sem allir skildu.

Kennslan var tvískipt, annars vegar samfélagsfræðsla þar sem fjallað var um íslenskt samfélag frá ýmsum hliðum og hins vegar íslenskukennsla. Þetta nám hefur haldið áfram á vorönn 2022.

Í ljósi þess hversu góða raun hefur gefið að hafa arabískuna sem samskiptatungumál í íslenskukennslu og samfélagsfræðslu vaknar sú spurning hvort ekki sé nauðsynlegt að slík kennsla sé aðgengileg á netinu fyrir fólk um allt land sem hefur arabísku sem móðurmál.

Sjálfbærniskólinn og Strætóskólinn

Á árinu 2021 fékk SÍMEY styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar til verkefnisins Sjálfbærniskólinn. Það felst í því að búa til námsefni í formi kennslumyndbanda, verkefna og lesefnis sem er ætlað að hjálpa fullorðnu fólki að tileinka sér aukna sjálfbærni í starfi og leik. Náms efnið verður stafrænt og aðgengilegt öllum sem það vilja nýta sér. Verkefnið er unnið í samstarfi við Vistorku og Orkusetrið og hefur gengið sérstaklega vel. Til að byrja með verður lögð áhersla á samgöngubáttinn.

Í tengslum við Sjálfbærniskólann er langt komið verkefnið Strætóskólinn fyrir nemendur í 5. bekk grunnskóla en um er að ræða kennsluefni og verkefni til að kenna fólki að nota almenningssamgöngur. Stefnt er að því að nemendur Strætóskólans í grunnskólum Akureyrar fari sínar fyrstu ferðir vorið 2022.

4. Fræðslustarfið í máli og myndum


Námskeið á árinu

Alls voru haldin 223 námskeið á Akureyri og í Eyjafirði á árinu 2021 og fækkaði um 21 frá fyrra ári. Starfsemi SÍMEY árið 2020 einkenndist mjög af kórónuveirufaraldrinum og það sama var upp á teningnum á árinu 2021. Breytt vinnulag og aukin rafræn miðlun náms er að þróa starfsemina til betri vegar.

SÍMEY flokkar námskeið sín í fimm flokka:

- Námsleiðir FA, sem eins og nafnið gefur til kynna eru allar vottaðar námskrár frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Fjölmennt, sem eru námskeið á vegum fullorðinsfræðslu fatlaðra.
- Stök námskeið, sem er ætlað að efla einstaklinga í starfi og leik. Mörg þeirra voru unnin í samstarfi við stéttarfélög og starfsmenntasjóði. Einnig var boðið upp á námskeið fyrir stjórnendur.
- Íslenska fyrir útlendinga.
- Fyrirtækjaskólar.

Fjöldi námskeiða 2017-2021




Vegna faraldursins var áskorun að halda starfsemi Fjölmenntar gangandi en þegar upp var staðið tókst að koma starfseminni í fyrra horf og fjölgaði námskeiðum um þriðjung á milli ára.

Aukin rafræn miðlun náms og aðlögun starfseminnar að heimsfaraldri hefur leitt til þess að aukið jafnvægi hefur náðst varðandi allt námskeiðahald hjá miðstöðinni en enn er langt í land í samanburði við fyrri ár. Námskeiðum í fyrirtækjaskólum fækkaði einnig og þá varð umtalsverð fækkun stakra námskeiða, sérstaklega þeirra sem haldin eru af þriðja aðila en í umsjón SÍMEY.

Þátttakendur


Alls sóttu 3365 (3085 árið 2020) einstaklingar nám og námskeið á vegum SÍMEY á árinu. Að auki nýttu um 700 manns sér aðra þjónustu í tengslum við náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, próftöku og aðra þjónustu. Ljóst er að staðan í samfélaginu tvö síðustu ár hefur haft mikil áhrif á þátttöku fólks í námi og símenntun. En að því gefnu að heimsfaraldurinn sé að fjara út er þess að vænta að smám saman muni landið aftur rísa í þessum efnum.

Fjöldi nemenda 2017-2021



Sem fyrr er umtalsverður kynjahalli í hópi viðskiptavina SÍMEY. Konur eru og hafa lengi verið þar í miklum meirihluta, sjö af hverjum tíu sem nýta sér þjónustu SÍMEY eru konur. Á árinu 2020 voru karlar raunar aðeins fjórðungur þeirra sem sóttu þjónustu SÍMEY en hlutfallið hækkaði aftur í 30% á árinu 2021. Vert er að horfa til þessarar kynjaskiptingar þegar nám og verkefni eru skipulögð, til hvaða hópa viljum við ná og hvernig endurspeglum við okkar nám og námskeiðahald í því samhengi? Ein skýring á umtalsvert herra hlutfalli kvenna gæti verið að mikill meirihluti starfsmanna í félags- og heilbrigðisgeiranum eru konur.

Kynjahlutfall notenda þjónustu SÍMEY 2021




Nemendastundir

Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Fjöldi nemendastunda fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra klukkustunda á sama námskeiði. Nemendastundum fækkaði um sem næst fjögur þúsund og voru tæplega 52 þúsund á árinu 2021.

Fjármagn í framhaldsfræðslukerfið hefur ekki aukist hin síðari ár en miðstöðin hefur getað flutt fjármagn milli málaflokka. Aukið hefur verið við vottað nám milli ára en engu að síður fækkar nemendastundum. Ein skýring í því gæti verið sú að hlutur styttra náms hefur verið að aukast.

Eins og áður hallar verulega á karlana hvað varðar nemendastundir en engu að síður eru þeir með um 30% nemendastunda á móti 70% hjá konunum, sem er nokkuð í samræmi við kynjahlutfallið.

Fjöldi nemendastunda 2017-2021




Íslenska sem annað mál

Mikill vöxtur hefur verið í kennslu á íslensku sem öðru máli. Bæði hefur verið um að ræða hefðbundin námskeið sem SÍMEY hefur lengi kennt fyrir fólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli og einnig er boðið upp á námskeið í Íslenskupjálfræðingum í samstarfi við Ásgarð. Markhópurinn hefur verið mjög virkur og áhugasamur um að efla færni sína, sem má m.a. rekja til þess að margir misstu vinnuna vegna kórónuveirufaraldursins.


Viðbótarfjárveiting fékkst frá stjórnvöldum sem nýttist til að mæta aukinni eftirspurn á haustönn 2021. SÍMEY gæti árlega nýtt hið minnsta tvöfalda þá fjárveitingu sem hefur fengist hin síðari ár til að kenna íslensku. Með þróun hæfnimats fyrir íslenskukennsluna hefur SÍMEY stigið mikilvægt framfaraskref sem nýttist öllum símenntunarmiðstöðvum vel.

Framtíðarskipulag málaflokksins skortir af hálfu ríkisvaldsins, sem tekur m.a. til kennslufræðilegrar uppbyggingar, fjölgunar námskeiða og aukinna fjárveitinga.

Íslenska sem annað mál 2017-2021



Kynjahlutfall í Íslenska sem annað mál 2021



Fjarnám

Talsverð áherslubreyting hefur orðið í framsetningu náms hjá SÍMEY með aukinni rafrænni miðlun. Ljóst er að þessa hröðu breytingu á stuttum tíma má rekja til kórónuveirufaraldursins og afleiðinga hans. Teams umhverfið og Zoom hefur komið að góðum notum og í lengra námi er unnið að innleiðingu námsumhverfisins LearnCove sem kemur mjög vel út fyrir bæði nemendur og kennara. Meirihluti almenns námskeiðahalds er nú veflægur og má ætla að á næstu misserum muni hlutur rafrænnar miðlunar aukast enn frekar.



Brautskráningarnemar í SÍMEY 8. júní 2021.

5. Samantekt

Árið 2021 var framhald þeirra breytinga sem hófust á veiruárinu 2020. Þær aðstæður sem sköpuðust vegna faraldursins héldu áfram að hafa viðtæk áhrif á viðfangsefni og vinnulag í SÍMEY eins og á svo mörgum öðrum vinnustöðum. Starfsmannahald og hagnýt mál á vinnustað voru raunar auðveldari úrlausnar hjá miðstöðinni heldur en ýmsum öðrum vinnustöðum. Kemur þar til að fjarvinna er tiltölulega auðframkvæmanleg í mörgum daglegum viðfangsefnum. Úrræðasemi og aðlögunarhæfni allra - starfsmanna, þátttakenda og kennara - má segja að hafi verið leiðarstefið.

Þegar kemur að uppsetningu og stafrænni miðlun náms þá hófst á haustönn innleiðing á nýju stafrænu námsumhverfi sem skilaði góðum árangri og gerir þátttakendum kleift að blanda saman fjar- og staðnámi, eflir upplýsingaflæði og ekki síst ígrundun og endurtekningu sem þarf í námi, m.a. með upptökum. Þessi þróun og innleiðing mun halda áfram og teygja anga sína inn á enn fleiri svið. Fræðsla fyrir atvinnulífið mun í auknum mæli færast í rafrænt umhverfi og verða í þeim efnum stigin stór skref á næstu misserum.


Í dag er staðan sú að stærstur hluti almenns námskeiðahalds er veflægur og unninn í góðu samstarfi við starfsmenntasjóði, stéttarfélög og aðrar miðstöðvar. Árið 2021 sótti margt fólk með íslensku sem annað mál og atvinnuleitendur þjónustu SÍMEY. Undir átakanu „Nám er tækifæri“ var unnið að því í samstarfi við Vinnumálastofnun að

þjóða atvinnuleitendum upp á nám, ráðgjöf og raunfærnimat. Aukið fjármagn fékkst til ÍSA (Íslenska sem annað mál) og var framkvæmd og framboð ÍSA það mesta á liðnu ári frá upphafi miðstöðvarinnar. Ljóst er að þessi málaflokkur verður forgangsmál á komandi misserum.

SÍMEY hefur átt samstarf við erlendar fagstofnanir um eflingu íslenskukennslunnar með hæfnimati sem tengist Evrópska tungumálarammanum. Sú vinna mun nýttast stjórnvöldum sem innlegg í að gera umhverfi ÍSA skýrara og faglegra.

Liðið ár dró fram hversu samfélagslega mikilvæg fullorðinsfræðslan er. Hversu fljót við höfum verið að bregðast við í þjónustu okkar við ólíka hópa og færa miðlun í þá umgjörð sem hentar. Sem fagstofnun hefur SÍMEY sýnt með skýrum hætti hvernig við getum þróast og brugðist við breytingum og þörfum ólíkra hópa.

Ljóst er að miklar breytingar eru framundan. Þær eru krefjandi en líka spennandi. SÍMEY tekst alla daga á við þessar breytingar með aðlögun að ólíkum þörfum. Ljóst er að þær breytingar sem boðaðar hafa verið innan stjórnáráðs, m.a. með töluverðri uppstokkun á skipan ráðuneyta, fela vonandi í sér góð tækifæri til að sammælast um hver komandi verkefni eru og hvernig við vinnum að þeim saman. Að því sögðu skal undirstrikað að allar breytingar kalla á framtíðarstefnu og fjármögnun.



SIMEY.IS